

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Árborgar, nr. 813/2018.

1. gr.

1. mgr. 50. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Bæjarstjóri sveitarfélagsins, í umboði bæjarstjórnar, ræður sviðsstjóra og veitir þeim lausn frá starfi. Sviðsstjórar eru þeir, á stjórnarsýslu- og fjármálasviði, fjölskyldusviði og mannvirkja- og umhverfissviði.

2. gr.

2. mgr. 52. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Bæjarstjórn felur eftirtöldum embættismönnum fullnaðarafgreiðslu mála:

1. Sviðsstjóra fjölskyldusviðs og fjármálastjóra í sameiningu, sem afgreiða umsóknir um lækkun eða niðurfellingu álagðs útsvars skv. 25. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.
2. Fjármálastjóra, sem afgreiðir umsóknir um styrki til greiðslu fasteignaskatts af húsnæði sem ekki er nýtt í ágóðaskyni svo sem vegna menningar-, íþróttar-, æskulýðs-, og tómstundastarfssemi eða vinnu að mannúðarstörfum skv. óbirtum reglum sveitarfélagsins þar um dagsettum 9. desember 2009.

3. gr.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 13. júlí 2023.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Björn Ingi Óskarsson.